



**Æskulýðssamband kirkjunnar í  
Reykjavíkurprófastsdæmum**

# **Skýrsla æskulýðsráðs og æskulýðsfulltrúa ÆSKR fyrir 2008-2009**

**Í hendi Guðs**

**Lögð fram fyrir ársfund ÆSKR  
í Langholtskirkju 15. apríl 2009**

## **Ársfundur 2008**

Ársfundur ÆSKR 2008 fór fram 16. apríl í Grafarvogskirkju og voru rúmlega 20 mættir til fundarins. Fundurinn hófst á helgistund í umsjón sr. Ólafs Jóhanns Borgþórssonar, formanns æskulýðsráðs ÆSKR, og Gunnars Einars Steingrímssonar, æskulýðsfulltrúa Grafarvogskirkju. Sr. Þorvaldur Víðisson sá um fundarstjórn og var Jón Ómar Gunnarsson ritari fundarins.

Dagný Halla Tómasdóttir kynnti ársskýrslu ÆSKR 2007-2008 og hvað væri framundan hjá ÆSKR. Þráinn Haraldsson kynnti fjárhagsáætlun fyrir árið 2009. Góðar umræður áttu sér stað um starfið og voru fundarmenn sammála um að halda áfram á sömu braut.

Kosið var um tvo aðalmenn til tveggja ára í æskulýðsráð ÆSKR og tvo varamenn til eins árs. Þráinn Haraldsson Hjallakirkju og Erla Björk Jónsdóttir Dómkirkjunni voru kosin sem aðalmenn og Sigurvin Jónsson Neskirkju og Matthías Matthíasson Bústaðakirkju voru kosnir sem varamenn. Fyrir í ráðinu voru Gunnar Einar Steingrímsson, Benedikt Oddsson og Íris Saara Karlsdóttir.

Á fundinum var einnig valið í hópa til að sjá um einstaka atburði hjá ÆSKR ásamt fulltrúa úr æskulýðsráði og starfsmanni ÆSKR.

**Haustatburður:** Sólveig Ragnarsdóttir Hjallakirkju og Hildur Kjartansdóttir Árbæjarkirkju.

**Menntamálanefnd:** Gunnar Einar Steingrímsson Grafarvogskirkju, Þóra Jenný Benonysdóttir Hjallakirkju og Ólafur Jóhann Borgþórsson Seljakirkju.

**Vormótsnefnd:** Sunna Gunnarsdóttir Seljakirkju og Jónína Jónsdóttir Hjallakirkju.

**Útivistarnefnd:** Hans Guðberg Alfreðsson Biskupsstofu, Þorvaldur Víðisson, Dómkirkjunni og Ólafur Jóhann Borgþórsson Seljakirkju.

## **Æskulýðsráð ÆSKR**

Fundir æskulýðsráðs hafa verið haldnir mánaðarlega í vetur og hefur samstarfið gengið vel. Þráinn Haraldsson er formaður ÆSKR, Gunnar Einar Steingrímsson varaformaður, Íris Saara, Benedikt og Erla Björk meðstjórnendur. Gunnar Einar er fulltrúi ráðsins í erlendum samskiptum. Sigurvin Jónsson mætti á flesta fundi ráðsins.

Æskulýðsráð ÆSKR ákvað að hafa yfirskrift fyrir starfsárið 2008-2009 í hendi Guðs .

Var þetta gert til að tengja saman viðburði ÆSKR og gera boðun og fræðslu markvissari. Allir viðburðir á vegum ÆSKR hafa haft þetta að leiðarljósi og er óhætt að segja að þessi tenging hafi gefist vel.

## **Æskulýðsfulltrúi ÆSKR**

Dagný Halla Tómasdóttir starfar í fullu starfi sem æskulýðsfulltrúi ÆSKR. Hún heldur utan um daglegan rekstur sambandsins auk þess að sjá um atburði og námskeið sem eru á vegum ÆSKR og samskipti við aðila innan og utan kirkju í samráði við æskulýðsráð ÆSKR.

## **Starf fyrir leiðtoga ÆSKR 2008-2009**

### **Leiðtogagrill og árshátíð**

Ákveðið var að sameina árshátíð ÆSKR og vorgrillið sem ÆSKR hefur boðið leiðtogum og fjölskyldum þeirra upp á í lok starfsársins. Skemmtunin var haldin 25. maí og var farið í paintball og sund og endað með því að borða ljúffengan grillmat í Digraneskirkju. Allt í allt voru þátttakendur um 20 sem voru ánægðir með daginn. Undirbúningur var í höndum leiðtoga Digraneskirkju og æskulýðsfulltrúa ÆSKR.

### **Dagskrárfundur að hausti**

Dagskrárfundur fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfinu var haldinn í 27. ágúst í Grensáskirkju. Rúmlega tuttugu leiðtogar mættu á samveruna og báru saman bækur sínar. Á fundinum voru vetrardagskrá ÆSKR og yfirskrift starfsársins 2008 – 2009 kynnt.

### **Haustnámskeið leiðtoga**

Námskeiðið var haldið 25. september fyrir leiðtoga í æskulýðsstarfi, 17 ára og eldri. Yfirskrift námskeiðsins var Trúin í verki og kynnti sr. Hans Guðberg Alfredsson kærleikspjónustubókina sem æskulýðsstarfið gaf út. Bjarni Gíslason kristniboði og starfsmaður Hjálparstarfs kirkjunnar fræddi þátttakendur um starf SÍK og Hjálparstarfsins og kom með hugmyndir af verkefnum fyrir æskulýðsstarfið til vekja athygli á og styrkja þetta mikilvæga starf. Þátttakendur voru rúmlega tuttugu. Námskeiðið var haldið í samstarfi ÆSKR, ÆNK, fræðslusviðs Biskupsstofu, ÆSKP og KFUM og K.

### **Námskeið fyrir æskulýðsfulltrúa**

7. nóvember var námskeið fyrir æskulýðsfulltrúa, presta og djákna þar sem fjallað var um unglingsaldurinn. Námskeiðið var haldið í Áskirkju í Reykjavík en einnig var gerð tilraun með að varpa því beint til Akureyrar. Var þessi tilraun gerð til að reyna að auka aðgang leiðtoga og presta af landsbyggðinni. Sú tilraun gekk ekki vel. Námskeiðið var mjög gagnlegt og var m.a. talað um hvað þarf að hafa í huga í samskiptum fullorðinna við unglunga í erfiðleikum og jákvæðar og uppbyggilegar leiðir til að mæta unglungum. Fyrirlesarar voru Vilborg G. Guðnadóttir hjúkrunarfræðingur og Bóas Valdórsson sálfræðingur en þau starfa bæði á Barna- og unglingsáttunda. Námskeiðið var samstarf ÆSKR, ÆNK, fræðslusviðs Biskupsstofu, ÆSKP og KFUM og K. Þátttakendur voru tuttugu og fjórir.

### **Morgunverður fyrir leiðtoga**

Í vetur bauð ÆSKR leiðtogum þrisvar sinnum til morgunverðar í Grensáskirkju. Hugmyndin með því er að gefa leiðtogum tækifæri til að hittast og eiga samfélag. Skiptar skoðanir eru á tímasetningum fyrir þessa fundi þar sem þeir leiðtogar sem eru í skóla eða annarri vinnu eiga erfitt með að mæta á þessum tíma. Það er því spurning um að skoða það fyrir næsta vetur að hafa bæði morgunverðarfundir og kvöldfundir. Þátttaka á morgunverðafundunum var ágæt, eða frá 8 upp í 14 manns.

### **Jólafröndur fyrir leiðtoga**

5. nóvember var boðið upp á kennslu í jólafröndri fyrir leiðtoga sem þeir gátu síðan nýtt sér í starfinu. Margrét Rós Harðardóttir æskulýðsfulltrúi Laugarneskirkju kenndi gerð dúskajólakúla. Um 10 manns tóku þátt í jólafröndrinu sem fram fór í Grensáskirkju.

### **Janúarnámskeið**

Janúarnámskeið ÆSKR var haldið í Skálholtsskóla dagnana 9.-10.janúar.

Að þessu sinni var boðið upp á leikjanámskeið sem Pétur Björgvin Þorsteinsson djákni og æskulýðsþjálfari stjórnaði. Einnig var mikið lagt upp úr helgihaldi og var námskeiðið í alla staði vel heppnað. Gunnar Einar Steingrímsson, Ólafur Jóhann Borgþórsson og Þóra Jenny Benonýsdóttir sáu um undirbúning ásamt æskulýðsfulltrúa ÆSKR.

### **Sólheimanámskeið**

Sólheimanámskeið var haldið þann 7. febrúar. Boðið var upp á þrjú námskeið en hægt var að sækja tvö af þeim, annað fyrir hádegi og hitt eftir hádegi. Sr. María Ágústsdóttir var með kynningu á kristnum kyrrðarbænum, sr. Gunnar Jóhannesson fjallaði um rökin fyrir tivist Guðs og Gunnar Björn Guðmundsson leikstjóri kenndi leiki sem eiga að efla unglunga og gera þau sjálfstæðari í hugsun og sköpun. Námskeiðinu lauk með messu í Sólheimakirkju. Almenn ánægja var með námskeiðið og hlutu allir þættir þess góða umsögn hjá þátttakendum. 76 þátttakendur voru á námskeiðinu.

### **Sameiginlegt starf fyrir æskulýðsfélögin**

#### **Kyrrðardagar**

ÆSKR, ÆNK og fræðsluvið Biskupsstofu stóðu saman að kyrrðardögum fyrir ungt fólk í samstarfi við Skálholt 19.- 20. apríl. 12 ungmenni tóku þátt og tókust kyrrðardagarnir með ágætum. Ekki hefur verið ákveðið að halda þessu áfram, fyrst og fremst vegna þess að erfitt er að fá ungt fólk til að taka þátt. Umsjón með kyrrðardögum höfðu Kjartan Jónsson, Magnea Sverrisdóttir og Sigríður Hrönn Sigurðardóttir.

#### **Útivistarferð**

Þann 21. maí fóru 25 unglingar og leiðtogar úr æskulýðsfélögum af höfuðborgarsvæðinu í velheppnaða útivistarferð ÆSKR. Haldið var Úlfjótuvatni þar sem skemmtileg dagskrá beið hópsins. Hópurinn fór í leiki, út á báta og endað var með grilli og helgistund. Umsjón með ferðinni höfðu Þráinn Haraldsson og Sigurvin Jónsson.

#### **Poppmessa á menningarnótt**

ÆSKR tók þátt í poppmessu á menningarnótt á Ingólsftorgi í samstarfi við miðborgarprest og önnur trúfélög. M.a. hélt Þráinn Haraldsson formaður ÆSKR hugvekjju og Breytendur komu fram. Nokkrir vaskir ÆSKRingar tóku síðan þátt í að afgreiða pylsur sem gestum og gangandi var boðið upp á.

#### **Óttist ekki – Hræðslumót ÆSKR**

Óttist ekki – Hræðslumót ÆSKR fór fram 2. október í Hjallakirkju og tóku um 100 unglingar úr æskulýðsfélögum á höfuðborgarsvæðinu þátt í leiknum. Þátttakendur þurftu

að leysa fjölda þrauta og safna stigum. Þrautirnar voru m.a. blindrasmakk, veltibíll, star, söngur fyrir framan dómnefnd, þrautabraut og fleira. Að lokum söfnðustu allir saman í helgistund. Skipulagning og framkvæmd gengu mjög vel en umsjón var í höndum æskulýðsleiðtoga Hjallakirkju og Hildar Kjartansdóttur frá Árbæjarkirkju ásamt æskulýðsfulltrúa ÆSKR

### **Keilumót**

Keilumót ÆSKR í Keiluhöllinni Öskjuhlíð fór fram 11. nóvember. Um 100 unglingar og leiðtogar þeirra tóku þátt og fór mótið afar vel fram. Þegar mótinu var lokið gengu þátttakendur til Friðrikskapelli þar sem haldin var helgistund. Atburðurinn var í umsjá Sigurvins Jónssonar, æskulýðsfulltrúa ÆSKR og fleiri.

### **Vormót – Enginn eins og ég á ÆSKR móti**

Vormót ÆSKR fór fram í Vatnaskógi dagana 13.-15. febrúar. Yfirskrift mótsins var Í hendi Guðs og var áherslan í fræðslunni og hugleiðingum hvar sem við erum og hvað sem við gerum erum við í hendi Guðs. Dagskráin var fjölbreytt og skemmtileg. Kvöldvökur og diskótek, messa og spurningakeppni æskulýðsfélaganna. Ratleikur þar sem farið var í gegnum messuliðina fór fram á föstudagskvöldinu og gekk mjög vel. Einnig var boðið upp á fjölbreytta hópa á laugardeginum þar sem m.a. var hægt að velja pottaspjall, föndur, kókuskreytingarhóp, myndbandagerð, íþróttahóp og fleira. Stemningin hjá þeim 180 unglungum og leiðtogum sem voru á mótinu var mjög góð og öll samskipti og þátttaka til fyrirmyndar.

ÆSKR þakkar mótsnefndinni og öðrum sem lögðu fram vinnu við að skipuleggja og framkvæma metnaðarfulla og skemmtilega dagskrá. Í mótsnefnd voru Erla Björk Jónsdóttir Dómkirkjunni og Jónína Sif Jónsdóttir Hjallakirkju.

### **Atburður gegn kynþáttafordómum**

Þann 19. mars tók ÆSKR og æskulýðsfélög kirkjunnar á höfuðborgarsvæðinu þátt í dagskrá á göngugötu Smáralindar vegna Evrópuviku gegn kynþáttamisrétti. Ýmis skemmtiatriði voru í boði og ungt fólk, meðal annars úr æskulýðsfélagunum kirkjunnar gekk um í Smáralind og gaf fólki barmmerki, sælgæti og upplýsingabæklinga til að vekja athygli á baráttu gegn kynþáttafordómum. Þátttaka frá kirkjunni var með ágætum eða um 30 manns. Á Íslandi standa fjöldi samtaka og stofnana að viðburðum í tengslum við Evrópuvikuna og þar á meðal Þjóðkirkjan.

### **Vatku með Kristi**

ÆSKR tekur nú í fyrsta sinn þátt í Vaktu með Kristi í samstarfi við ÆNK og ÆSKÞ. Vaktu með Kristi verður haldið í Hafnarfjarðarkirkju aðfararnótt föstudagsins langa. Dagskráin hefst kl. 22.00 þann 9. apríl og lýkur kl. 8.00 að morgni 10. apríl. Atburðurinn hefur ekki farið fram þegar þessi skýrsla er skrifuð en undirbúningur gengur vel. Sigríður Rún Tryggvadóttir og æskulýðsfulltrúi ÆSKR sjá um þátt ÆSKR í undirbúningnum.

## **Samstarfsverkefni**

### **Breytendur**

Breytendur er samstarfsverkefni ÆSKR, fræðslusviðs Biskupsstofu og Hjálparstarfs kirkjunnar. Breytendur hafa nú starfað í þrjú ár og er unnið eftir noskri hugmynd sem heitir Changemakers. Markhópurinn er ungt fólk á framhaldsskólaaldri. Umsjón með starfinu hefur Árni Þorlákur Guðnason. Nánari upplýsingar um starf Breytenda má fá á [help.is](http://help.is)

### **Starf með þroskahömluðum**

ÆSKR hefur ásamt presti fatlaðara og Grensáskirkju staðið fyrir starfi með þroskahömluðum. Starfið fer fram í Grensáskirkju annan hvern fimmtudag. Þetta er fjórði veturinn sem boðið er upp á þetta starf og eru um 10-16 manns sem sækja samverurnar. Umsjón með starfinu hafa æskulýðsfulltrúi ÆSKR, sr. Guðný Hallgrímsdóttir og Þorvaldur Halldórsson

### **Kyrrðarstundir fyrir ungt fólk**

ÆSKR stóð að kyrrðarstundum fyrir ungt fólk annan hvern fimmtudag í Dómkirkjunni fram að áramótum í samstarfi við miðborgarprest og Foreldrahús. Stundirnar Kyrrðastundirnar haldnar í beinu framhaldi af grunnnámskeiði leiðtoga og auk þátttakenda námskeiðsins sóttu skjólstæðingar Foreldrahúss stundirnar.

## **Annað starf**

### **Farskóli leiðtogaefna**

Farskóli leiðtogaefna gekk vel í vetur, en hann er orðin að föstum lið í starfinu. Í skólanum taka þátt unglingar úr æskulýðsfélögunum sem hafa áhuga á að aðstoða við barna- og unglिंगastarfið í söfnuðunum. 27 þátttakendur voru í farskólanum í vetur og lýkur honum með útskrift síðasta vetrardag þann 22. apríl. Umsjón með skólanum hafði Ólafur Jóhann Borgþórsson. Farskólinn er samstarfsverkefni ÆSKR, ÆNK, ÆSKÞ og fræðslusviðs Biskupsstofu.

### **Grunnnámskeið leiðtoga**

Grunnnámskeið leiðtoga er fyrir 17 ára og eldri sem eru aðstoðaleiðtogar í æskulýðsstarfi kirkjunnar. Kennari á námskeiðinu var Magnea Sverrisdóttir djákni og fór kennslan fram á Dómkirkjuloftinu. Kennt var í tíu skipti á haustönn og gafst það vel en þörf er á frekara efni fyrir þennan hóp. Grunnnámskeiðið er samstarfsverkefni ÆSKR, ÆNK, ÆSKÞ og fræðslusviðs Biskupsstofu.

### **Samverur “eldri borgara”**

Unglingar sem eru komnir í menntaskóla og eru starfandi eða hafa verið starfandi í æskulýðsfélögunum hafa sýnt því áhuga að hittast á vegum kirkjunnar með reglulegum hætti. Nokkrar kirkjur eru með starf fyrir þennan aldur og buðum við upp á samveru í

Neskirkju í samstarfi við NEDÓ í febrúar og í Vídalínskirkju í samstarfi við eldra félagið þar í mars. Ekki hefur verið ákveðið með framhald á þessu starfi en ljóst er að það er þörf á því. Sigríður Rún Tryggvadóttir hefur séð um skipulagningu á þessum atburðum ásamt æskulýðsfulltrúar.

### **Erlend samskipti**

#### **EYCE**

Á síðasta ári tóku þrír leiðtogar þátt í námskeiðum á vegum EYCE. Erla Björk Jónsdóttir tók þátt í námskeiði í júní á Norður-Írlandi og Guðmundur Þorbjörnsson og Kristján Kjartansson tóku þátt í námskeiði í Ungverjalandi í nóvember. Sigurvin Jónsson sótti síðan fund fyrir hönd ÆSKR á Ítalíu þar sem rædd var staða EYCE en formaður og gjaldkeri samtakana létu af störfum í lok síðasta árs. Kosin verður ný stjórn EYCE á aðalundi samtakanna sem haldinn verður í maí.

#### **Námskeið um mannréttindi**

Lúterska heimssambandið hélt námskeið í ágúst í Finnlandi þar Ísland átti fimm fulltrúa. Elfa Rut Sæmundsdóttir og Benedikt Oddsson voru fulltrúar ÆSKR í ferðinni en ÆSKR var tengiliður Íslendinganna við námskeiðshaldara og hélt utan um verkefnið.

---

Þráinn Haraldsson  
f.h. æskulýðsráðs ÆSKR

---

Dagný Halla Tómasdóttir  
f.h. æskulýðsfulltrúa ÆSKR